

Árshing Tennissambands Íslands

14.apríl 2009 kl 18:40 – 22:15

1. Þingsetning

Formaður TSÍ, Skjöldur Vatnar Björnsson, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna ásamt forseta ÍSÍ Ólafi Rafnssyni og bað þingforseta, Hafstein Pálsson að taka við stjórn þingsins. Hafsteinn þakkaði traustið og sagði að það væri gaman að sjá hve fjölmennt væri mætt á þingið.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Þeir voru Hafsteinn Pálsson þingforseti og Rakel Pétursdóttir fundarritari.

3. Kosnar fastar nefndir:

Fundarstjóri stakk upp á því að nefndirnar yrðu afgreiddar í einni málstofu. Tillagan var samþykkt. Því var einungis kosið í tvær nefndir, kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd: Jónas Páll Björnsson, Óskar Knudsen og Hafsteinn Dan Kristjánsson.

Kjörnefnd: Ingólfur Hjörleifsson, Gunnar Þór Finnbjörnsson og Rakel Pétursdóttir.

4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta ársþings.

Skjöldur Vatnar Björnsson, formaður TSÍ, sagði að það væri yndislegt að sjá svona marga samankomna á þinginu og að aldrei hafi jafnmargir verið mættir síðan hann tók við sem formaður fyrir 10 árum síðan. Þetta sýndi greinilega vaxandi áhuga á íþróttinni. Hann fór yfir skýrslu stjórnar (Sjá ársskýrslu TSÍ 2009) sem var óvenju löng að þessu sinni vegna efnahagshrunsins sem átti sér stað 8.október síðastliðinn. Slíkir atburðir gerast bara einu sinni á ævi hvers manns og eiga við þar sem þeir breyta öllu starfi TSÍ. Skjöldur talaði um að öll stjórn hefði færst í það hugarfar að fresta öllu sem kostar gjaldeyri vegna gengishrunsins og huga frekar að uppbyggingu sambandsins. Þó var ákveðið að senda landsliðin út í nokkur verkefni en landsliðsfólk greiddi í staðinn hluta af kostnaðinum. Ákveðið var að greiða ekki árgjöld til Alþjóðatennissambandsins og Evróputennissambandsins þar sem það kostaði 900 þ.kr meðan ástandið var sem verst. Reynt var frekar að fá þau niðurfelld eða lækkuð vegna efnahagsástandsins á Íslandi. Verkefnalisti innanlands var skoðaður og nokkur verkefni sem þarf að skoða meðal annars reglur um mót, heiðursfélaga, félagsskipti og styrkleikalistann. Fleiri verkefni gætu verið að skrásetja sögu tennisins og sögu tennissambandsins sem er ekki það sama þar sem tennissambandið var stofnað talsvert seinna en byrjað var að stunda tennis á Íslandi. Þetta er einungis 20.árshing tennissambandsins. Skjöldur endaði svo á því að veita Jóni Gunnari Grétarssyni fyrrum stjórnarmanni TSÍ til margra ára sem lést í

desember 2007 fyrsta gullmerki TSÍ. Andri Jónsson tók við gullmerki TSÍ fyrir hönd föður síns.

Ingólfur Hjörleifsson formaður mótanefndar, gjaldkeri og kynningarstjóri fór yfir sinn hluta í skýrslunni (Sjá fundargerðir mótanefnda í ársskýrslu TSÍ 2009). Hann sagði að góður stígandi hefði verið í mótunum í vetur og að Tennishöllin væri í raun sprungin fyrir mótahald. Þörf er á innanhúsaðstöðu og fjölmiðlakynning getur hugsanlega ýtt undir þá þörf. Einnig sagði hann frá því að stefna þessarar stjórnar væri að fá alla formenn félaganna til að hittast og ýta undir að fá tennishöll í Reykjavík.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Raj Bonifacius, framkvæmdastjóri TSÍ, fór yfir reikninga sambandsins fyrir árið 2008. Raj útskýrði að kröfur í efnahagsreikningnum upp á tæpa milljón krónur væru styrkir frá Evróputennissambandinu (ETA) og Alþjóða tennissambandinu (ITF) sem væri ekki búið að greiða. Þar af leiðandi væri ógreiddur kostnaður upp á rúmlega milljón sem eru árgjöld til þessar tveggja tennissambanda. Ástæðan fyrir þessu væri vegna þess að þetta hafði verið gert upp á milli ITF og ETA þar sem við áttum styrki inn hjá þeim og þessi greiðsla tafðist þeirra á milli. Styrkirnir virðast vera talsvert hærri í ár en í fyrra þar sem tekjur og gjöld voru núna tekin á móti hvort öðru en vanalega hefur það verið tekið nettó. TSÍ sá um Íslandsmótið utanhúss í ár og því fóru tekjur og gjöld af því móti í gegnum sambandið sem er öðruvísi en hefur verið undanafarin ár. Hagnaður fyrir árið var 63.000 kr. en stjórn hefur verið íhaldssöm með fjármálin, hvorki áætlað of hátt fyrir lottó né útbreiðslustyrkinn.

Engar athugasemdir voru vegna skýrslu stjórnar eða um reikninga og voru þar af leiðandi samþykktir. Skjöldur útskýrði fyrir þinginu að ástæðan fyrir því að Raj sjái um að tala um reikningana en ekki gjaldkerinn sé vegna þess að hann er framkvæmdastjóri sambandsins og sér um að gera ársreikninginn. Auk þess sem hann hefur séð um fjármál sambandsins í mörg ár.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Skjöldur lagði fram fjárhagsáætlunina fyrir árið 2010 (Sjá ársskýrslu 2009). Búið hafði verið að ganga frá fjárhagsáætluninni innan stjórnar í febrúar síðasliðnum en svo fékk sambandið óvænt hálf milljón krónur meira í ráðuneytisstyrk frá ÍSÍ en gert hafði verið ráð fyrir. Því hafði Skjöldur sett saman fjárhagsáætlun í gærkveldi út frá fyrri áætlun sem stjórnarmenn höfðu ekki séð fyrr en núna. Hann sagði að áætlunin væri öðruvísi en vanalega þar sem meiri pening ætti að verja í innanlands verkefni en hefur verið undanfarin ár. Skjöldur árétti það við þingið að þetta væri einungis áætlun og að starf þingsins væri að koma með tillögur um áætlunina.

Þingforseti tók til máls og lagði til að umræða um fjárhagsáætlunina yrði tekin fyrir seinna þar sem einungis ein málstofa væri. Tillagan var samþykkt.

7. Lagðar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar ef fram koma.

Engar tillögur komu fram.

8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Engar tillögur komu fram.

Ólafur Rafnsson formaður ÍSÍ tók til máls og flutti kveðjur frá ÍSÍ. Hann þakkaði fyrir gott starfsár og sagði að það væri ánægjulegt að sjá hve margir sóttu þingið. Það væri greinilega vaxandi áhugi á tennisnum. Hann sagði að unnið væri gott starf miðað við takmörkuð mannvirki þar sem við höfum ekki þessa hefðbundnu skólasali eins og aðrar íþróttagreinar. Hann árétti að mannaðurinn væri það sem öllu máli skipti og að hugsa þyrfti vel um sjálfbodaliða og stjórnendur. Því það skipti ekki máli hve mikil veltan væri hjá sambandinu ef mannaðurinn væri ekki til staðar. Honum þótti vænt um að sjá viðurkenninguna sem Jón Gunnar Grétarsson hlaut og sagði að honum fyndist að sambandsaðilar ættu að koma sér upp heiðursræðum. Hann sagði það vera ánægjulegt að sambandið væri í plús og hrósaði ábyrgum rekstri. Það væri þungt þegar meirihluta tekna kemur frá ÍSÍ sem stendur þó vörð um þær tekjur. ÍSÍ vann mikinn varnarsigur síðustu áramót þegar þeim tókst að halda inni hækkun upp á 500.000 kr fyrir ráðuneytisstyrkinn. Ólafur hvatti TSÍ til að nota sömu bókhaldslykla og ÍSÍ. Einnig hvatti hann TSÍ til að halda áfram að greiða árgjöld til Evróputennissambandsins og Alþjóðatennissambandsins þar sem við gætum kippt undan okkur eigin sjálfstæði með því að taka það út. Ólafur talaði um kreppuna og þá óvissu sem henn fylgdi hjá öllum. Hann sagði að texti formanns í ársskýrslunni sýndi gríðarlega réttlætiskennd höfundar. En að við þurfum að huga að okkar sjálfstæði þar sem við höfum gríðarlega mikið fram að færa varðandi siðferði og siðareglur. Okkar framlag sé þannig að það sé innistæða fyrir útrásinni og að stjórnvöld sem eru á hverjum tíma verði að passa að fara ekki út fyrir sitt íþróttalega svið. Að lokum óskaði hann TSÍ velfarnaðar í þingstörfum og því sem framundan væri. Hann sagðist hlakka til að sjá okkur á ársþingi ÍSÍ næstu helgi. Einnig sagðist hann hlakka til að fá boð á viðburði TSÍ þar sem hann hefur mjög gaman að þessari íþrótt.

Þinghlé

9. Nefndarálit um tillögur lögð fram og atkvæðagreiðslur um þær.

Formaður kjörbréfanefndar las kjörbréf héraðssambandanna og var full mæting frá öllum samböndunum. Samtals voru 30 þingfulltrúar mættir þar af 16 frá ÍBR, 12 frá UMSK og 4 frá ÍBH. Kjörbréf voru samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhagsáætlun. Raj tók fyrstur til máls og kom með breytingartillögu á fjárhagsáætlun. Hann lét nýja fjárhagsáætlun ganga á þinggesti (Sjá fjárhagsáætlun í viðauka A) og fór yfir nýja fjárhagsáætlun. Raj lagði til að árgjöld til ITF og ETA yrðu greidd. Einnig lagði hann til að 390.000 kr færi í svokallaðan landsliðsstyrk til 14 krakka og upphæð styrksins fari eftir því hvar þeir standi á ITN styrkleikalistanum og hvaða styrki þeir hafi hlotið nú þegar. Einnig gerði hann ráð fyrir styrk til Ólympíuleika Æskunnar.

Guðmundur Björnsson spurði hverjar væru áherslur í fjárhagsáætlun stjórnar á móti fjárhagsáætlun Raj. Helgi Þór Jónasson spurði hvers vegna væri munur á tekjum uppá u.þ.b. 1 m.kr í áætlun stjórnar annars vegar og áætlun Raj hins vegar. Hafsteinn Dan Kristjánsson benti á að landsliðsferð fyrir 10 krakka væri í áætlun stjórnar en ekki áætlun Raj.

Skjöldur sagði frá því að stjórn væri að sjá fjárhagsáætlun frá Raj í fyrsta skipti. Hann útskýrði að tekjur og gjöld fyrir ársgjöld og styrki frá ITF og ETA hefðu ekki verið sett inn í fjárhagsáætlun stjórnar TSÍ sökum þess hve gengið væri mikið á reki. Einnig væru gjöld frá leikmönnum fyrir landsliðsferðir ekki fært sem tekjur í áætlun stjórnar. Þetta útskýrði mismun milli heildartekna og heildargjalda í áætlun stjórnar á móti áætlun Raj. Skjöldur sagði frá því að bréfaskipti við ITF og ETA væri í gangi til að freista þess að fá einungis að greiða hálf árgjald fyrir árið 2009. Einnig sagði hann frá því að Ólympíuleikar Æskunnar væri eina verkefnið sem TSÍ hefði hafnað og var það vegna þess að áætlað var að senda stærri hóp í æfinga- og keppnisferð sem þessir aðilar gætu farið í. Ástæðan fyrir því væri að Ólympíuleikar Æskunnar og reyndar Smáþjóðaleikarnir líka væru útsláttarkeppni og væru því vandræðamót fyrir TSÍ þar sem landsliðsmenn okkar væru oft slegnir út í fyrstu umferð. Þess vegna væri frekar stefnt á að fara í æfingabúðir og keppni þar sem öruggt væri að leikmenn fengju marga leiki. Þrátt fyrir að stjórn TSÍ hafi ákveðið að senda ekki á Ólympíuleika Æskunnar þá hefðu foreldrar ákveðið að senda samt sín börn. Því væri eflaust hægt að endurskoða að styrkja Ólympíuleikar Æskunnar.

Raj sagðist ekki gera ráð fyrir því að farið yrði í fyrirhugaða æfinga- og keppnisferð og hefur það því ekki með í áætlun þar sem ekkert væri búið að gerast í þeim efnum. Einnig sagði hann frá því að mótanefnd væri búin að skipuleggja mót í sumar og þ.a.m. tvö Evrópumót og sér því ekki hvernig við höfum tíma til að fara erlendis að keppa í sumar.

Þingforseti kom með þá tillögu að þar sem svipaðir punktar væru milli áætlun stjórnar og Raj yrði gert hlé þar sem framkvæmdastjóri og tveir úr stjórn auk þriggja þingfulltrúa myndu reyna að ná saman um fjárhagsáætlun og leggja tillöguna fyrir þingið. Guðmundur sagði að stjórnin hefði valdið og að hlutverk framkvæmdastjóra væri að framfylgja ákvörðun stjórnar. Skjöldur sagði að tillaga þingforseta væri góð ekki væri mikill munur á milli áætlanna og áætlun væri alltaf hnikað aðeins til hjá stjórn seinna meir.

Gert var þinghlé og fóru Helgi Þór, Andri, Jónas, Skjöldur, Ingólfur og Raj fram til að koma með tillögu um fjárhagsáætlunina. Eftir hléið tók Skjöldur til máls og sagði að aðeins væri tölulegur munur á milli áætlanna en ekki stefnumunur og því var ákveðið að samþykkja fjárhagsáætlun Raj þar sem hún þótti fallelgri. Jónas stakk upp á því að liðurinn landsliðsstyrkur yrði landsliðsstyrkur/hópferð og að stjórn myndi svo ákveða nákvæmlega í hvað honum yrði úthlutað. Raj sagði að það hefði ekki verið sín hugmynd og kynnti með glærusýningu í hvað hann vildi að landsliðsstyrkurinn færi. Það ætti að stofna landsliðshópa fyrir U20, U16 og U12 og nota styrkinn í ferðir og þjálfun. Raj kynnti styrkleikakerfi sem er skipt í A, B og C flokk og útlisti 14 krakka sem ættu að fá

styrki eftir þessu kerfi sem færi m.a. eftir ITN styrkleikalistanum og hvaða styrki þau væru búin að fá nú þegar. Raj vildi að styrknum yrði ekki eytt í landsliðshóperð.

Andri ústkýrði hvers vegna hefði ekki orðið að fyrirhugaðri Frakklands/Þýskalands ferð og að verið væri að skipuleggja ferð til Svíþjóðar. Skjöldur sagði að þetta væri ástæðan fyrir því að ekki væri gott að setja þetta alveg niður á ársþinginu þar sem þyrfti að skoða þessi mál betur áður en endanlega ákvörðun yrði tekin. Andri stakk upp á því að listinn af hugsanlegum styrkþegum sem Raj setti fram gætu verið hugsanlegir kandidatar í þessa ferð. Þingið samþykkti að það væri hlutverk stjórnar að úthluta nákvæmlega í hvað landsliðsstyrkur upp á 390.000 kr færi í.

Ákveðið var að hafa ekki tillögu um gjald ævifélaga þar sem stjórn mun sjá um það.

10. Önnur mál.

Raj tók til máls og kom með hugmynd um að hafa mánaðarlega fyrirlestra fyrir þjálfara í sal ÍSÍ. Einnig að TSÍ myndi halda þjálfaranámskeið hérlendis í maí og september vegna þess að þá hefjast ný námskeið. Senda ætti þjálfara á námskeið erlendis og þá væru þeir skuldbundnir til að halda tveggja daga þjálfaranámskeið á vegum TSÍ hérlendis.

Carola vildi fá það útskýrt frá stjórn TSÍ hvernig reglurnar væru að velja í landsliðsferðir. Raketl útskýrði að það hefði verið óvenjuknappt í ár að velja landslið á Fed Cup og Davis Cup þar sem ákvörðun um að senda lið á þessi mót hefði verið ákveðið á síðustu stundu vegna gengishrunsins. Því hafði ekki verið unnt að láta leikmenn keppa um sæti líkt og stjórn TSÍ hefði viljað.

Luigi sagði að það væri þörf á að hafa þrekæfingar fyrir tennisspilara. Þetta vantaði algjörlega á Íslandi en tíðkaðist alls staðar erlendis. Einnig sagði hann að hægt væri að ná miklum framförum með því að hafa þrekæfingu vikulega. Hann stakk upp á því að hægt væri að prófa að láta sex krakka stunda þrekæfingar í eitt ár og sjá svo hvað þeim fari mikið fram. Sigurlaug Sigurðardóttir kvað sér hljóðs og og sagði að þrekæfingar væru búnar að vera einu sinni í viku í 1,5 tíma í senn í allan vetur en mætingin væri búin að vera mjög dræm. Carola sagði að það ætti að vera skylda fyrir leikmenn að hafa þrek. Andri sagði að hann væri með þrek inni í sínum æfingum og það hefði reynst mjög vel. Einnig sagði hann að það væri ekki laus tími í Tennishöllinni fyrir sérstakar þrekæfingar og að kannski þyrfti að hafa slíka æfingar á öðru íþróttasvæði.

Skjöldur sagði að samkvæmt reynslu teldi hann mjög mikilvægt að framkvæmdastjóri sitji ekki í stjórn TSÍ því að framkvæmdastjóri eigi að framkvæma það sem stjórn vill. Skjöldur lagði fyrir þingið eftirfarandi tillögu frá stjórn TSÍ sem hann las upp:

Ársþing Tennissamband Íslands haldið 14.apríl 2009 samþykkir að framkvæmdastjóri megi ekki vera á sama tíma í stjórn eða varastjórn TSÍ.

Raj sagðist vilja sjá leikmannnefnd og barna- og unglínganefnd. Hann sagðist telja að margir foreldrar væru eflaust tilbúnir að vera í síðarnefndri nefndinni. Varðandi tillögu stjórnar sagðist Raj vera sammála því svo lengi sem samstarf væri fyrir hendi.

Jónas sagði að tennisstarfið í ár væri búið að ganga mjög vel. Mikill áhugi væri í gangi og allt á fullri ferð áfram. Hann sagði að ágreiningur milli framkvæmdastjóra og stjórnar þyrfti ekki að vera svona mikill og að þau þurfi að tala betur saman. Hádegisfundir geta verið of stuttir og þyrfti e.t.v að lengja fundina. Helgi Þór kvaðst vera sammála Jónasi. Skjöldur sagði að þetta væri góður punktur hjá Jónasi. Þingforseti kvað upp tillöguna frá stjórn TSÍ var hún samþykkt samhljóða.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttþing.

Kjörnefnd lagði til að núverandi stjórnarmeðlimir Gunnar Þór Finnbjörnsson og Hafsteinn Dan Kristjánsson myndu sitja áfram og var það samþykkt samhljóða.

Fyrir í stjórn voru: Ingólfur Hjörleifsson og Rakel Pétursdóttir. Þar sem Rakel kom úr varastjórn yfir í stjórn á síðasta ári fyrir Carolu Frank þurfti að kjósa um hennar sæti. Var hún kosin áfram til eins árs.

Í varastjórn til eins árs voru kosnir: Andri Jónsson, Helgi Þór Jónasson og Jónas Páll Björnsson. Skipting stjórnar yrði svo ákveðin að venju á fyrsta stjórnarfundum eftir ársþing.

Skoðunarmenn ársreikninga voru kosnir Indriði H. Þorláksson og Brynjúlfur Erlingsson.

Stjórn TSÍ hafði nú þegar sent til ÍSÍ fulltrúa á þing ÍSÍ þar sem fresturinn til að senda fulltrúa á þingið hafði runnið út fyrir nokkrum dögum. Fulltrúarnir voru samþykktir samhljóða.

12. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Fundarritara var falið að ljúka við þinggerð, láta samþykkja hana og senda svo til félaganna.

13. Þingslit.

Skjöldur þakkaði Hafsteini Pálssyni fyrir þolinmæði og góð störf. Hafsteinn þakkaði fyrir samstarfið og sagði þinginu slitið.

Reykjavík 14. apríl 2009

Rakel Pétursdóttir

Viðauki A

Fjárhagsáætlun 2009				
Tekjur	Ríkisstyrk	Útbreiðslu	Lottó	Samtals
	2.100.000 kr.	750.000 kr.	1.000.000 kr.	3.850.000 kr.
Leikmenn Fed/Davis Cup			400.000 kr.	400.000 kr.
Leikmenn Smáþjóðleikana			200.000 kr.	200.000 kr.
ITF styrk - Flugstyrk Fed Cup			192.594 kr.	192.594 kr.
ITF styrk - Fed og Davis Cup			360.000 kr.	360.000 kr.
Samtals	2.100.000 kr.	750.000 kr.	2.152.594 kr.	5.002.594 kr.
Gjöld				
Framkvæmdastjóri	600.000 kr.			600.000 kr.
Árgjald ITF	576.000 kr.			576.000 kr.
Fed Cup			553.703 kr.	553.703 kr.
Árgjald Tennis Europe	380.000 kr.			380.000 kr.
Landsliðsstyrk			390.000 kr.	390.000 kr.
Davis Cup			302.000 kr.	302.000 kr.
Tennis Europe mót hérlendis (2)			260.000 kr.	260.000 kr.
Ólympiuleikana Æskunnar			205.000 kr.	205.000 kr.
Smáþjóðleikana			200.000 kr.	200.000 kr.
ITN stjóri	200.000 kr.			200.000 kr.
Mótanefnd		200.000 kr.		200.000 kr.
Vefstjóri	150.000 kr.			150.000 kr.
Þjálfaraferð fyrir 2		150.000 kr.		150.000 kr.
Dómaranefnd		150.000 kr.		150.000 kr.
Húsaleigju ÍSí	145.000 kr.			145.000 kr.
Kynningastjóri	100.000 kr.			100.000 kr.
Útbreiðslunefnd		100.000 kr.		100.000 kr.
Þjálfaranámskeið		100.000 kr.		100.000 kr.
Verðlaunapening/Bikar		50.000 kr.		50.000 kr.
Árshátíð	50.000 kr.			50.000 kr.
Netbokhald	35.000 kr.			35.000 kr.
Ljósritun	20.000 kr.			20.000 kr.
Greiðslukortþóknun	18.000 kr.			18.000 kr.
Ritföng	15.000 kr.			15.000 kr.
Matur/drykkir	10.000 kr.			10.000 kr.
Þjónustagjöld banka	5.000 kr.			5.000 kr.
				0 kr.
Samtals	2.304.000 kr.	750.000 kr.	1.910.703 kr.	4.964.703 kr.
Nettó	-204.000 kr.		241.891 kr.	37.891 kr.